

Nr. 16.

3.
október.

Stjórnarskipunarlög

um

breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni
Íslands 5. jan. 1874.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur á þann hátt, sem fyrir skipaður er í 61 gr. í stjórnarskrá um hin sjerstaklega málefni Íslands 5. jan. 1874 tvisvar sinnum fallizt á og Vjer nú með samþykki Voru staðfest eptirfylgjandi

**Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni
Íslands 5. jan. 1874.**

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 5. gr., 1. málsg. 14. gr., 15. gr., 17. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 28. gr., 34. gr., 36. gr., 39. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svo hljóðandi greinar:

1. gr. (2. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo opt sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.

Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefur verið nýr ráðherra.

Ráðherrann veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið að veita.

2. gr. (3. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum.

3. gr. (5. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

Nr. 16. Stjórnarskipunarlög 3. október um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Forfatningslov

om

Nr. 16.

3die
Oktober.

Forandring i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender
af 5te Januar 1874.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har paa den i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender
af 5te Januar 1874 § 61 foreskrevne Maade to Gange vedtaget og Vi nu ved Vort
Samtykke stadfæstet følgende

**Forfatningslov om Forandring i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender
af 5te Januar 1874.**

I Stedet for Forfatningslovens §§ 2, 3, 5, 14, 1ste Punktum, 15, 17, 19, 25
1ste Stykke, 28, 34, 36 og 39 samt midlertidig Bestemmelse Nr. 2 træde følgende
Paragrafer:

§ 1 (Forfatningslovens § 2).

Kongen har med de i denne Forfatningslov fastsatte Indskrænkninger den
højeste Myndighed over alle Islands særlige Anliggender og udøver den gennem en
Minister for Island. Ministeren for Island maa ikke varetage en anden Ministerpost
og maa kunne tale og skrive Islandsk. Han skal være bosat i Reykjavik, men, saa ofte
det er nødvendigt, begive sig til Kjøbenhavn for i Statsraadet at forelægge Kongen
Love og vigtige Regeringsforanstaltninger.

Islands Landskasse udreder Ministerens Lønning og Pension saavel som Ud-
gifterne ved hans Rejser til og Ophold i Kjøbenhavn.

I Tilfælde af Ministerens dødelige Afgang besørger hans Embedsforretninger,
indtil en ny Minister er udnævnt, af Landssekretæren paa dennes eget Ansvar.

Ministeren besætter de Embeder, hvis Besættelse hidtil har været overdraget
til Landshøvdingen.

§ 2 (Forfatningslovens § 3).

Ministeren er ansvarlig for Regeringens Førelse. Altinget kan rejse Anklage
imod Ministeren for hans Embedsførelse efter de Regler, som nærmere ville blive at
fastsætte ved Lov.

§ 3 (Forfatningslovens § 5).

Kongen sammenkalder et ordentligt Alting hvert andet Aar. Uden Kongens
Samtykke kan Tinget ikke forblive længere sammen end 8 Uger. Forandringer i disse
Bestemmelser kunne ske ved Lov.

Nr. 16. Forfatningslov af 3die Oktober om Forandring i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender
af 5te Januar 1874.

Nr. 16.

4. gr. (1. málsg. 14. gr. stjórnarskrárinnar).

3.
október.

Á alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu.

5. gr. (15. gr. stjórnarskrárinnar).

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

6. gr. (17. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosningarrjett til alþingis hafa:

- a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjettu; þó skulu þeir, er með sjerstakri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, eigi fyrir það missa kosningarrjett sinn;
- b, allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minnsta kosti 4 kr. á ári sem aukaútsvar;
- c, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefur veitt heimild til þess;
- d, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða við prestaskólann eða lækna skólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir sem hjú.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum verið gefinn hann upp.

Með lögum má afnema auka-útsvarsgreiðsluna eptir stafl. b. sem skilyrði fyrir kosningarrjetti.

7. gr. (19. gr. stjórnarskrárinnar).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

8. gr. (1. liður 25. gr. stjórnarskrárinnar).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.

9. gr. (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarhvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir þingið þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig sje á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin

Nr. 16. Stjórnarskipunarlög 3. október um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

§ 4 (Forfatningslovens § 14, 1ste Punktum).

Paa Altinget have Sæde 34 folkekaarne og 6 af Kongen udnævnte Medlemmer. Nr. 16.
3die
Oktober.

§ 5 (Forfatningslovens § 15).

Altinget bestaar af tvende Afdelinger, øverste og nederste Afdeling. I den øverste Afdeling have 14, i den nederste Afdeling 26 Medlemmer Sæde. Disse Tal kunne dog forandres ved Lov.

§ 6 (Forfatningslovens § 17).

Valgret til Altinget have:

a) alle de Bønder, der ere Jordbrugere og svare kommunal og anden offentlig Ydelse, dog at de, som ifølge en særlig Bestemmelse maatte være fritagne for en eller anden Ydelse til det offentlige, ikke derfor tabe deres Valgret;

b) alle de Mænd, som ikke staa i noget personligt Tjenesteforhold, naar de til Kommunen erlægge et Bidrag efter Formue og Lejlighed af i det mindste 4 Kr. aarlig;

c) Embedsmænd, hvad enten de have kongelig Bestalling eller ere udnævnte af den Myndighed, hvem Kongen har overdraget saadan Ret;

d) de, der, uden at være Embedsmænd, have underkastet sig en akademisk Prøve ved Universitetet eller en lignende Prøve ved Pastoralseminariet eller Lægskolen i Reykjavik, eller en anden lignende offentlig Prøve, som er eller maatte blive anordnet, saafremt de ikke staa i personligt Tjenesteforhold.

For at kunne udøve Valgret skal vedkommende paa den Tid, Valget foregaar, have opnaaet 25 Aars Alderen, have et uplettet Rygte, have haft fast Ophold i Valgkredsen i 1 Aar, have Raadighed over sit Bo og ikke nyde Understøttelse af det almindelige Fattigvæsen, eller have modtaget nogen saadan Hjælp, medmindre den enten er tilbagebetalt eller eftergiven.

Udredelsen af Bidrag til Kommunen efter Formue og Lejlighed ifølge Litra b som Betingelse for Valgret kan ophæves ved Lov.

§ 7 (Forfatningslovens § 19).

Det ordentlige Alting sammentræder den første Søgnedag i Juli Maaned hvert andet Aar, dersom Kongen ikke har bestemt en anden Mødedag i samme Aar. Forandring heri kan ske ved Lov.

§ 8. (Forfatningslovens § 25, 1ste Stykke).

For hvert ordentligt Alting, saa snart det er samlet, forelægges Forslag til Finanslov for Island for den følgende to-aarige Finansperiode. Under Indtægterne indbefattes det Tilskud, der i Medfør af Lov om Islands forfatningsmæssige Stilling i Riget af 2den Januar 1871 § 5, jfr. § 6, ydes af den almindelige Statskasse til Bestridelsen af Islands særlige Udgifter.

§ 9. (Forfatningslovens § 28).

Naar et Lovforslag er vedtaget af det ene af Altingets Afdelinger, bliver det i den Form, hvori det er vedtaget, at forelægge for den anden. Hvis det der forandres, gaar det tilbage til den første. Foretages der atter Forandringer, gaar Forslaget paany til den anden Afdeling. Opnaas da ej heller Enighed, sammentræde begge Afdelinger i et samlet Ting, hvorpaa dette efter een Behandling afgør Sagen. Til en gyldig Afgørelse i det saaledes forenede Alting udfordres, at over Halvdelen af hver Afdelings Medlemmer er til Stede og deltager i Afstemningen; de enkelte Punkter

Nr. 16. einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáráukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, 3. október. að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

10. gr. (34. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherra Íslands á, samkvæmt embættisstöðu sinni, sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðherra má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd. Atkvæðisrjett hefur ráðherrann, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

11. gr. (36. gr. stjórnarskrárinnar).

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

12. gr. (39. gr. stjórnarskrárinnar).

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherrans.

13. gr. (2. ákv. um stundarsakir).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr. (3. gr. stj.skr.), koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðherra Íslands út af embættisrekstri hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Gefið á Amaliuborg, 3. október 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

afgøres med simpel Stemmefflerhed, hvorimod der til Vedtagelse af et Lovforslag i Nr. 16. dets Helhed, med Undtagelse af Finans- og Tillægsbevillingslovsforslag, udfordres mindst ^{3die} Oktober. to Trediedele af de afgivne Stemmer.

§ 10. (Forfatningslovens § 34).

Ministeren for Island har i Embeds Medfør Sæde i Altinget, og er berettiget til under Forhandlingerne at forlange Ordet, saa ofte han vil, under Iagttagelse af Forretningsordenens Bestemmelser. I Ministerens Forfald kan ogsaa en anden af ham bemyndiges til at give Møde i Tinget paa hans Vegne. Stemmeret udøver Ministeren eller den, som træder i hans Sted, kun, naar de tillige ere Altingsmænd.

§ 11. (Forfatningslovens § 36).

Ingen af Tingets Afdelinger kan tage nogen Beslutning, naar ikke over Halvdelen af dens Medlemmer er til Stede og deltager i Afstemningen.

§ 12. (Forfatningslovens § 39).

Finder Afdelingen ikke Anledning til om et Andragende at fatte Beslutning, kan den henvise det til Ministeren.

§ 13. (Midlertidig Bestemmelse 2).

Indtil den i § 2 (Forfatningslovens § 3) omtalte Lov udkommer, blive de af Altinget imod Ministeren for Island i Anledning af hans Embedsførelse rejste Sager at paadømme af Rigets Højesteret efter de for samme gældende Procesregler.

Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1903.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 3die Oktober 1903.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.